



Foreldraverðlaunin 2010



F.v. Brynhildur Pétursdóttir, formaður dómnefndar, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, María Helena Sarabia, Margrét Gylfadóttir og Sesselja Ólafsdóttir, verðlaunahafar Foreldraverðlauna 2010, og Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2010 voru afhent í 15. sinn við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 1. júní síðast liðinn, í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Að þessu sinni bárust 38 tilnefningar til verðlaunanna.

Handhafar Foreldraverðlaunanna 2010 eru *Vinaffjölskyldur í Vesturbæjarskóla*, verkefni Margrétar Gylfadóttur, Sesselju Ólafsdóttur og Maríu Helenu Sarabia, foreldra í Vesturbæjarskóla.

Auk Foreldraverðlaunanna sjálfra voru veitt ein hvatningarverðlaun og tvenn dugnaðarforkaverðlaun.

Hvatningarverðlaun 2010 komu í hlut Foreldrafélags Hvassaleitisskóla, Ingu Ívársdóttur formanns foreldrafélagsins og Lindu B. Ólafsdóttur fulltrúa í skólaráði Hvassó, fyrir verkefnið *Vinir í Hvassó*.

Dugnaðarforkaverðlaun 2010 voru tvenn og voru veitt Borghildi Jósúadóttur fyrir ötult foreldrastarf í framhaldsskólum og Önnu Margréti Sigurðardóttur fyrir framúrskarandi störf í þágu foreldrasamstarfs í Fjarðabyggð.

Við afhöfnina voru Sigurveigu Sæmundsdóttur þökkúð óeigingjörn störf í þágu samtakanna en Sigurveig hefur verið í dómnefnd fyrir Foreldraverðlaun Heimilis og skóla um langt árabíl.



Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2010 - hópur tilnefndra

Verum saman í sumar

Sumarið er tími fjölskyldunnar. Foreldrar, verum með börnunum okkar og njótum þess að eiga góðar stundir saman í sumar!

Skrifstofa Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra verður lokuð í júlí.

Fyrirlestrarferð um landið gegn einelti

Undirbúningur stendur yfir fyrir átak gegn einelti sem Heimili og skóli ásamt fleiri samstarfsaðilum ætla að blása til í haust. Fundir verða haldnir á 11 stöðum á landinu.

Nýr framkvæmdastjóri

Ráðinn hefur verið nýr framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, Olga Hanna Möller, sem kemur til starfa í ágúst næst komandi.

Olga Hanna tekur við af Sigurlaugu Önnu Jóhannsdóttur sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra undanfarna mánuði fyrir samtökin.

Við bjóðum Olgu Hönnu velkomna til starfa hjá samtökunum.

Innritun í framhaldsskóla

Dagana 7. - 11. júní stendur yfir innritun í framhaldsskóla landsins.

Þær breytingar urðu á innritun framhaldsskóla í vor að ferlið varð tvíþætt. Í apríl fór fram forinnritun þar sem nemendur völdu um tvo skóla, aðalskóla og einn til vara, og nú fer fram endurskoðun á því vali.